

Hringrásir allan ársins hring

Lokaskýrsla um þróunarverkefni



Pálmholt
September 2012

Verkefnisstjórar
Ólöf Pálmadóttir
Sigrún Ella Meldal

Nafn skóla: Leikskólinn Pálmholt, 600 Akureyri

Nafn verkefnisins: Hringrásir allan ársins hring. *Hvernig má efla siðferðiskennd og gagnrýna hugsun leikskólabarna gagnvart umhverfi sínu?*

Nafn verkefnisstjóra: Sigrún Ella Meldal

Ólöf Pálm dóttir

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn

Markmið með þróunarverkefninu er tvíþætt.

- Að efla meðvitund og siðferðiskennd barnanna gagnvart umhverfi sínu og nota til þess sem fjölbreyttastar leiðir með leikinn í forgrunni. Áætlað var að vinna verkefnið á grunni starfeindarannsóknar. Rannsóknarspurning sem lagt var upp með er svohljóðandi: Með hvaða hætti er hægt að vinna með hringrásir í náttúrunni til að efla meðvitund og siðferðiskennd leikskólabarna í umhverfi sínu?
- Að uppfæra skólanámskrá Pálmholts til samræmis við nýja aðalnámskrá.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Pálmholt hefur verið Grænfánaskóli frá árinu 2007 og frá þeim tíma hefur verið leitast við að finna nýjar leiðir til umhverfis- og náttúrunáms. Með Sprotasjóðsstyrknum gafst tækifæri til að festa í sessi ýmsa þætti sem við höfum smám saman verið að tileinka okkur og prófa okkur áfram með. Má þar nefna:

- **Mánaðarlegir ígrundunarfundir:** Þar sem starfsfólkið sem kemur mest að verkefninu getur velt upp hugmyndum, tekið ákvarðanir, metið, ígrundað og fundið lausnir. Notast var við starfendarannsókn

sem aðferðafræði.

- **Vettvangsferðir** tvisvar í mánuði
- **Markvissari fræðsla** um þætti tengda hringrásum og umhverfinu
- **Aukin fræðsla** til barnanna um hringrásir og verkefni tengd þeim
- **Mánaðarlegir barnafundir** þar sem börnin geta komið fram með sínar hugmyndir og skoðanir um umhverfismálin
- **Að gera umhverfistarfið sýnilegt með ljósmyndaskráningum á vefsíðu, inni á deildum og utan leikskólans**
- **Auknar skráningar og mat** til að sjá betur hvað við erum að gera, setja markmið og skrá árangur

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Leikskólinn varð þeirrar gæfu aðnjótandi að fá úthlutað tveimur styrkjum úr Sprotasjóði veturinn 2011-12. Tímaskortur olli því að barnafundir og vettvangsferðir voru ekki eins reglulega og til stóð.

Ætlunin var að fræða börnin um margskonar hringrásir í náttúrunni. Um áramót var lagt fyrir lítið verkefni sem snerist um að safna flöskum og dósum fyrir vatnstanki í Afríku. Þetta verkefni tók yfir önnur viðfangsefni á tímabili þar sem áhugi barna og foreldra varð svo mikill.

Eitt af markmiðum verkefnisins var að uppfæra kafla um umhverfismennt í skólanámskrá Pálmholts með tilliti til nýrrar aðalnámskrár leikskóla. Í lok tímabilsins sem þróunarverkefnið stóð dró til þeirra tíðinda að ákvörðun var tekin um að Pálmholt yrði sameinað öðrum leikskóla. Af þeim sökum var ákveðið að bíða með uppfærslu kaflans þar til skólanámskrárgerð við nýjan sameinaðan leikskóla hefist. Við teljum okkur þó hafa aflað okkur

mikilla upplýsinga og þekkingar til að geta unnið það verkefni þegar þar að kemur. Að öðru leyti var notast við þær leiðir sem upptaldar eru í kaflanum hér á undan.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Þegar ljóst var að við hlytum styrk úr Sprotasjóði voru verkefnastjórar nokkurn tíma að átta sig á hvernig best væri að koma verkefninu af stað en þetta reyndist þó hindrun sem var hægt að yfirstíga eftir nokkrar vangaveltur. Nýjum verkefnum þarf alltaf að finna tíma og þar sem leikskólinn var að taka þátt í öðru þróunarverkefni var tímaleysi okkar helsta hindrun. Áhersla beggja verkefnanna var á börnin í elstu árgöngunum og því mikið umleikis bæði hjá þeim nemendum og kennurum þeirra. Okkur reyndist líka erfitt að finna aðferð til að mæla aukna þekkingu ungra barna á viðfangsefninu.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefninu

Það að fara af stað með verkefnið fól fyrst og fremst með sér hvatningu fyrir okkur til að auka við og bæta við þá miklu umhverfisfræðslu sem fyrir var í starfinu. Ígrundunarfundirnir gerðu starfsfólki kleift að ræða málin um það sem betur mátti fara og fá hugmyndir úr ýmsum áttum og einnig að endurmeta og betrumbæta verkefnið sem verið var að vinna hverju sinni. Eflaust hefði þátttaka og virkni starfsfólksins verið minni ef því hefði ekki gefist tækifæri til að hafa áhrif á hvernig verkefnið var unnið. Með þetta

breiðri þátttöku má ætla að líkur aukist á að verkefnið nái að festast í sessi heldur en ef færri hefðu komið að því.

Söfnun fyrir vatnstanki handa fjölskyldu í Úganda varð mjög stór hluti af verkefninu og varð í raun mun stærri heldur en okkur hefði grunað. Börnin höfðu fengið fræðslu um hringrás vatnsins og mismunandi aðgengi jarðabúa að hreinu vatni. Í kjölfarið kom upp sú hugmynd að safna fyrir vatnstanki sem Hjálparstofnun kirkjunnar reisir síðan við hús fjölskyldu í Úganda. Ákveðið var að safna plastflöskum og áldósum og fara með í endurvinnsluna og fá skilagjald fyrir. Þetta verkefni sem byrjaði sem smá hugdetta varð mjög umsvifamikið með þátttöku allra í skólasamfélaginu og kom inn á marga þætti siðfræði svo sem hjálpsemi, umhyggju, víðsýni, endurvinnslu og endurnýtingu.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Rannsóknarspurningin sem lagt var upp með var eftirfarandi: Með hvaða hætti er hægt að vinna með hringrásir í náttúrunni til að efla meðvitund og siðferðiskennd leikskólabarna í umhverfi sínu? Við teljum að með því að nota starfendarannsókn hafi okkur tekist þróa leiðir til þessarar vinnu. Á ígrundunarfundum fór fram hugmyndavinna, samræður, mat og endurskoðun sem gerði okkur kleift að betrubæta og aðlaga verkefnið að þörfum og aðstæðum hverju sinni. Því miður gefst mjög sjaldan svigrúm fyrir þess háttar vinnubrögð í starfi leikskólakennara og styrkurinn frá Sprotasjóði gerði okkur kleift að vinna verkefnið eins vel og reyndin var með því að kosta fundi utan almenns vinnutíma.

Verkefnið hefur haft þau áhrif að festa í sessi ýmsa þætti í umhverfisstarfi skólans sem þegar voru til staðar. Það hefur hvatt starfsfólk til að vera virkara og þættir eins og almenn umhverfisfræðsla, reglulegar ævintýraferðir, umræða um endurvinnslu og flokkun er mun fastara í sessi og einnig orðnir mun sjálfsagðari hlutur í starfinu en ekki viðbót eins og það var áður. Verkefnið hefur líka opnað augu okkar fyrir fleiri möguleikum í umhverfisfræðslu.

Niðurstöður verkefnisins:

Til að skoða áhrif verkefnisins voru lagðar fram nokkrar kannanir . Foreldrar og starfsfólk voru beðnir um að svara spurningakönnun á netinu og börnin í tveimur elstu árgöngunum svöruðu spurningalistum á haustönn og vorönn svo hægt væri að skoða hvort þekking þeirra hefði aukist á meðan verkefninu stóð.

Niðurstöður foreldrakönnunarinnar er að finna á vefslóðinni: http://www.surveymonkey.com/sr.aspx?sm=9gz08lYdqCsDx61qBKmKrv4hIOicWMaUJQMTUL5f1bo_3d Könnunin leiddi í ljós að foreldrar voru almennt jákvæðir í garð verkefnisins, þ.e. 85.7% þeirra sem svöruðu. Einnig kom fram að börnin ræddu talsvert um viðfangsefni verkefnisins heima fyrir, stór hluti barnanna ræddi t.d. um vatnsverkefnið í Úganda, ævintýraferðirnar, endurnýtingu og árstíðirnar. 75% foreldra töldu sig sjá mun á þekkingu barna sinna á umhverfinu og 67% töldu að börnin sýndu umhverfi sínu aukna virðingu og væntumþykju samhliða verkefninu. Það er því ljóst að verkefnið er að skila sér í auknum áhuga og þekkingu barnanna á umhverfistengdum málum og að foreldrar telja að umhverfisfræðsla á fullt erindi við ung börn.

Foreldrar voru spurðir um gildi ævintýraferð á Holtið fyrir þekkingu barnanna á umhverfinu. 85% þeirra töldu þessar ferðir út í ósnortna náttúru skipta miklu eða mjög miklu máli. Dæmi um svar sem við fengum frá foreldrum voru eftirfarandi: „Grundvallaratriði í starfinu. Mikið talað um það heima fyrir og þau átta sig á því að það er meira þarna úti en malbik og leikvellir með tækjum.“ Þetta styður okkur í því að fræðsla um náttúruna þarf að fara fram úti undir berum himni þar sem börnin hafa tækifæri til að upplifa, rannsaka og leika sér. Það er því mjög líklegt að ævintýraferðirnar haldi áfram að vera fastur þáttur í daglegu starfi. Það skiptir einnig miklu máli í verkefni sem þessu að vita af stuðningi foreldra og það kom okkur skemmtilega á óvart hve mikill áhugi og þátttaka foreldranna var. t.a.m. við vatnsverkefnið.

Niðurstöður starfsmannakönnunarinnar er að finna á vefslóðinni: http://www.surveymonkey.com/sr.aspx?sm=HtWOqldpaZJxFtrmuyrEOfUAj3d2_2f5_2bev_2fpptHdg_2bfI_3d Hún leiddi í ljós að mikill meirihluti starfsmanna taldi sig vel upplýstan um markmið og leiðir verkefnisins og langflestir töldu sig eiga hlutdeild og vera vikir þátttakendur í verkefninu. Langflestir sáu mun á umhverfistarfi skólans eftir veturinn og einnig að börnin sýndu náttúrunni enn meiri virðingu eftir þátttöku í verkefninu. Samkvæmt könnuninni ræða börnin helst um vatnsverkefnið í Úganda, hringrás vatnsins, veðrið og endurvinnslu. Hvað aukið álag í daglegu starfi varðar þá kom í ljós að nokkrir telja að það hafi aukist en ástæður sem tíndar voru til eru mikið skipulag utan verkefnisins en aðrir tala um aukið álag á jákvæðan hátt, sem ögrun og skemmtilega vinnu.

Til að kanna áhrif verkefnisins á þekkingu barnanna á þáttum eins og

hringrásum, árstíðabreytingum, örnefnum og áttum, var lögð fyrir þau spurningakönnun við upphaf verkefnisins og síðan aftur við lok þess. Könnunin leiddi í ljós að verkefnið hafði augin áhrif á þekkingu þeirra á mörgum þessara þátta. Þegar kom að þekkingu þeirra á hringrásum vatns og gróðurs kom í ljós að börnin höfðu flest einhverja hugmynd um þetta ferli áður, en við lok verkefnisins gátu þau mörg gefið greinargóða lýsingu á hringrásum vatns og lífi gróðurs. Fæst börnin þekktu áttirnar við upphaf verkefnisins og höfðu óljósa hugmynd um hvað átt þýðir. Í lok verkefnisins þekkti tæplega þriðjungur barnanna allar höfuðáttirnar, en flest þeirra áttuðu sig á hvaða merkingu hugtakið hafði. Þegar kom að árstíðunum þekktu börnin þær breytingar sem verða á umhverfinu en voru oft óviss á því hvaða heiti tilheyrir hverri árstíð. Við lok verkefnisins hafði þekking þeirra á þessum umhverfisbreytingum dýpkað en rétt nöfn höfðu ekki alltaf fest sig í sessi. Varðandi umhverfisvernd og endurnýtingu þá voru börnin mjög meðvituð um tilgang þess við upphaf verkefnisins og lítil breyting var á því við lok verkefnisins. Það er því ljóst að stefna leikskólans í umhverfismálum hefur sett mark sitt á vitund barnanna á umhverfismennt.

Við teljum að markmið verkefnisins hafi náðst sbr. augin þekking barnanna og meðvitund um umhverfið og virkni starfsfólks og foreldra. Margir þættir hafa fest sig í sessi og það er mjög líklegt að haldið verði áfram með verkefnið í einhverri mynd. Hafa ber þó í huga að sameining leikskólans við annan leikskóla hefur úrslitaáhrif um það með hvaða hætti það verður. Við teljum að starfsfólk Pálmholts hafi aflað sér mikillar þekkingar og reynslu um umhverfisstarf í gegnum þróunarverkefnið og sé vel í stakk búíð til að viðhalda sterkri umhverfismenningu og miðla þessari þekkingu áfram.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins

Áætlað er að halda sýningu á verkefninu á Amtsbókasafninu á Akureyri í ágústmánuði, til að kynna það frekar fyrir bæjarbúum. Auk þess höfum við kynnt verkefnið síðastliðið vor með sýningu á Heilsugæslustöð Akureyrar og í verslunarkjarnanum Hrísalundi. Útbúinn verður glærupakki sem notaður verður til að kynna verkefnið á vefsíðu leikskólans. Verkefnið gætum við einnig kynnt öðrum grænfánaskólum á ráðstefnum um umhverfismál.

Annað sem koma má fram:

Ítarlegri greinargerð um verkefnið og glærupakka er að finna á vefsíðu leikskólans á eftirfarandi vefslóð:

<http://palmholt.akureyri.is/Palmholt/UMHVERFISMAL/Sprotaverkefnið.htm>

Í fylgiskjöllum má einnig finna ýmis gögn sem notuð voru á meðan verkefninu stóð, m.a. spurningalista, matsblöð, upplýsingablöð og myndaskráningar.

September 2012

Ólöf Pálmadóttir

Sigrún Ella Meldal